

Alþingi
Erindi nr. P 133/92
komudagur 9. 11. 2006

SUNN Samtök um
náttúruvernd
á Norðurlandi

Þskj. 4 - 4. mál, 133. lögjörning

8. nóv. 2006

Umsögn um þingályktunartillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, lýsa yfir ánægju með tillöguna eins og hún liggur fyrir og hvetja til þess að hún verði samþykkt og stækkun friðlandsins verði að veruleika.

SUNN vilja vekja athygli á tillögum samtakanna um viðtæka stefnumótun um vesturhluta hálandisins, nú þegar tillögur liggja frammi um Vatnajökulsþjóðgarð er nái frá strönd til strandar. Þau minna á að mótun slíkra tillagna tók langan tíma og því rétt að hefjast handa. Friðlýsing Þjórsárvera er góður áfangi.

Meðfylgjandi eru fyrir ályktanir SUNN um friðun vesturhluta hálandisins.

Virðingarfyllt

f.h. SUNN



Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður

Vestur og mið-hluti miðhálandis Íslands

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, fagna þeirri stefnumótun sem hefur átt sér stað um friðlýsingu landsvæða í náttúruverndaráætlun og stofnun þjóðgarða á austurhluta hálandisins sem um var gerð sérstök skýrsla. Samtökin treysta á að yfirlýstum markmiðum með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á suðurhluta jökulsins verði fylgt eftir með frumvarpi um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls en jafnframt með fjárveitingum til að efla *atvinnugreinina náttúruvernd á Norður- og Austurlandi*.

SUNN hvetja stjórnvöld til að hefjast handa um sambærilega stefnumótun um mið- og vesturhluta hálandisins. Á þessu svæði eru nú þegar nokkur friðlýst svæði, svo sem Þjórsárver og Hveravellir, auk Þingvalla í útjaðri hálandisins. Samtökin hvetja til þess að sú framtíðarsýn sé mótuð að setja náttúruvernd í forgang umfram stórvirkjanir. Samtökin benda á mikilvægi þess að varðveita landslagsheildir, víðerni og náttúruleg ferli.

Á miðhluta hálendisins eru meðal annars Þjórsárver, Hofsjökull og jökulár sem renna niður í Skagafjörð. Þar er enn þá óspillt land sem tengir Tröllaskaga við hálendið. Á vesturhluta hálendisins eru auk Hveravalla bæði Langjökull og Arnarvatnsheiði sem tengist Vatnsnesi til norðurs — að ógleymdum Þingvallabjórðgarði í suðri sem tengist hálendinu á eðlilegan hátt. Kanna þarf hvernig mið- og vesturhluti hálendisins tengist svæðinu milli Landmannalauga og Mýrdalssands sem er aðskilið frá miðhálendinu með framkvæmdum. Loks þarf að átta sig á því hvernig þjóðgarðar og önnur náttúruverndarsvæði á hálendinu tengjast fjarlægari svæðum, svo sem Reykjanesskaga og Snæfellsnesi.

Móta þarf stefnu um mannvirkjagerð á hálendinu, svo sem vegi og byggingar, þar sem náttúruverndar- og nýtingarsjónarmið verði samhæfð. Meta þarf náttúruverndargildi lands áður en lagðir eru vegir á fleiri stöðum en þar sem þegar eru vegir (Sprengisandur, Kjölur, Kaldidalur).

Sé litið á hálendið sem heild er þar ein verðmætasta náttúruarfleifð þjóðarinnar sem jafnframt er hægt að nýta á skynsamlegan hátt til margvíslegrar útivistar fyrir íslenskt sem erlent ferðafólk, auk hefðbundinna landbúnaðarnota. Stefnumótun stjórnvalda felur í sér að meta þarf náttúruverndargildi í innlendu sem alþjóðlegu samhengi og þá möguleika á atvinnu heima í héruðunum sem tengjast náttúruverndinni.

Stjórn SUNN, 4. nóvember 2005

Vesturhluti hálendisins

Aðalfundur SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, haldinn 28. október 2006, áréttar fyrri ályktanir samtakanna um stefnumótun fyrir náttúruvernd mið- og vesturhluta hálendisins, m.a. ályktun frá nóvember 2005. Jafnhliða þarf að móta stefnu um mannvirkjagerð á hálendinu, svo sem vegi og byggingar, þar sem náttúruverndar- og nýtingarsjónarmið verða samhæfð. Meta þarf náttúruverndargildi lands áður en lagðir eru vegir á fleiri stöðum en þar sem þegar eru vegir (Sprengisandur, Kjölur, Kaldidalur). Aðalfundurinn áréttar að hálendið sem heild er ein verðmætasta náttúruarfleifð þjóðarinnar sem jafnframt er hægt að nýta á skynsamlegan hátt til margvíslegrar útivistar fyrir íslenskt sem erlent ferðafólk, auk hefðbundinna landbúnaðarnota. Stefnumótun stjórnvalda felur í sér að meta þarf náttúruverndargildi í innlendu sem alþjóðlegu samhengi til framtíðar og þá möguleika á atvinnu heima í héruðunum sem tengjast náttúruverndinni í nútíð og framtíð.